

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 20. janúar 1976****um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru****(76/211/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í flestum aðildarríkjanna eru lögboðin ákvæði um útlit og frágang á tilbúnum sölupakkningum undir vörur og eru þau breytileg frá einu aðildarríki til annars og hindra því viðskipti með slíkar pakkningar. Nauðsynlegt er því að samræma þessi ákvæði.

Mæla skal fyrir um aðferð við að merkja nafnþyngd eða nafnrúmmál vöru á tilbúna pakkningar til að neytendur fái réttar upplýsingar.

Einnig er nauðsynlegt að tilgreina heimiluð neikvæð frávik fyrir innihald tilbúinna pakkninga svo og að skilgreina viðmiðunaraðferð fyrir slíkt eftirlit þannig að til sé einföld aðferð til að ganga úr skugga um að tilbúna pakkningar séu í samræmi við viðkomandi ákvæði.

Í 16. gr. tilskipunar ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 ⁽³⁾, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögunum ⁽⁴⁾, er kveðið á um samhæfingu með sértilskipunum á kröfum fyrir markaðssetningu tiltekinna vara, einkum að því er varðar fyrirsmáli, mál og magnmerkingar á forpökkuðum vörum.

Kveðið skal á um aðlögunartímabil fyrir tiltekin aðildarríki þar eð of snöggar breytingar á aðferðum við að ákvarða magn, sem mælt er fyrir um í landslögum, og skipulagning á nýjum kerfum við eftirlit ásamt því að taka upp nýtt mælikerfi gæti valdið erfiðleikum í þessum aðildarríkjum. Það skal þó ekki hindra viðskipti innan bandalagsins frekar en orðið er og ekki hafa áhrif á framkvæmd þessarar tilskipunar í öðrum aðildarríkjum.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 48, 25. 4. 1974, bls. 21.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 109, 19. 9. 1974, bls. 16.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun tekur til tilbúinna pakkninga utan um vörur, að frátöldum þeim sem um getur í tilskipun ráðsins 75/106/EBE frá 19. desember 1974, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint rúmmál tiltekens forpakkads vökva⁽¹⁾, sem eru ætlaðar til sölu í stöðluðum einingum með nafnmagni sem er:

- jafnt gildum sem pökkunaraðili ákveður fyrirfram,
- gefið upp í einingum fyrir þyngd eða rúmmál,
- ekki minna en 5 g eða 5 ml og ekki meiri en 10 kg eða 10 l.

2. gr.

1. Tilbúin pakkning í skilningi þessarar tilskipunar er vara ásamt umbúðunum sem hún er forpökkuð í.

2. Vara telst forpökkuð þegar hún er sett í umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé.

3. gr.

1. Tilbúnaðar pakkningar sem mega hafa EBE-táknið, sem um getur í lið 3.3 í I. viðauka, eru þær pakkningar sem eru í samræmi við I. og III. viðauka.

2. Þær skulu háðar mælifræðilegu eftirliti samkvæmt þeim skilyrðum sem skilgreind eru í 5. lið í I. viðauka og í II. viðauka.

4. gr.

1. Á öllum tilbúnum pakkningum sem um getur í 3. gr. skal, í samræmi við I. viðauka, þyngd eða rúmmál vörunnar tilgreint og nefnist það „nafnþyngd innihalds“ eða „nafnrúmmál innihalds“, en þess er krafist að þær innihaldi það magn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 15. 2. 1975, bls. 1.

2. Á tilbúnaðar pakkningar sem innihalda vökva skal merkt nafnrúmmál og á tilbúnaðar pakkningar sem innihalda annars konar vöru skal merkt nafnþyngd nema viðskiptavenjur eða innlend ákvæði sem eru eins í öllum aðildarríkjunum kveði á um annað eða það stangist á við lög bandalagsins.

3. Nú eru viðskiptavenjur eða innlend ákvæði ekki eins í öllum aðildarríkjum varðandi tiltekinn vöruflokk eða tiltekna gerð tilbúinna pakkningar og skulu þá að minnsta kosti koma fram á pakkningunum mælifræðilegar upplýsingar sem samsvara viðskiptavenjunni í viðtökulandinu eða innlendu ákvæðunum sem þar eru í gildi.

4. Allt til loka aðlögunartímabilsins, en á því er heimilað að nota í bandalaginu breskar mælieiningar sem um getur í II. viðauka við tilskipun ráðsins 71/354/EBE⁽²⁾ frá 18. október 1971, um samræmingu laga aðildarríkjanna um mælieiningar, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögunum, skal nafnrúmmál innihalds sem sýnt er í einingum alþjóðlega metrakerfisins, í samræmi við lið 3.1 í I. viðauka við þessa tilskipun, einnig vera í samsvarandi breskum mælieiningum ef Breska konungsríkið og Írland æskja þess á sínu yfirráðasvæði, reiknuðum á grunni eftirfarandi breytistuðla:

1 g = 0,0353 „ounces“ (avoirdupois),

1 kg = 2,205 „pounds“,

1 ml = 0,0352 „fluid ounces“,

1 l = 1,760 „pints“ eða 0,220 gallon.

5. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu á tilbúnum pakkningum sem standast kröfur og prófanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun af ástæðum er varða merkingar sem slíkar pakkningar skulu hafa samkvæmt þessari tilskipun, ákvörðun þyngdar eða rúmmáls eða vegna þess hvernig mælingu eða prófunum á þeim er háttað.

6. gr.

Nauðsynlegar breytingar á ákvæðum í I. og II. viðauka við þessa tilskipun vegna tæknilegra framfara skulu gerðar í

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 243, 29. 10. 1971, bls. 29.

samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 18. og 19. gr. tilskipunar ráðsins 71/316/EBE.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan 18 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er Belgíu, Írlandi, Hollandi og Breska konungsríkinu heimilt að fresta framkvæmd þessarar tilskipunar og viðaukanna við hana þar til 31. desember 1979 hið síðasta.

3. Á meðan þessi tilskipun er ekki í gildi í tilteknu aðildarríki skal því óheimilt að koma á strangara eftirliti með magninnihaldi tilbúinna pakkninga frá öðrum aðildarríkjum, sem þessi tilskipun nær til, en því sem var í gildi þegar tilskipunin var samþykkt.

4. Á sama tíma skulu þau aðildarríkjanna sem hafa leitt þessa tilskipun í lög samþykkja tilbúnar pakkningar frá aðildarríkjum sem njóta undanþágunnar sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar og sem uppfylla ákvæði 1. liðar í I. viðauka, jafnvel þótt EBE-táknið sem um getur í lið 3.3 í

I. viðauka sé ekki á þeim, á sama grunni og með sömu skilyrðum og þær tilbúna pakkningar sem uppfylla öll ákvæði þessarar tilskipunar.

5. Eftirlit, sem kveðið er á um í 5. lið I. viðauka, skal viðhaft af þar til bærum yfirvöldum viðtökuríkis innan bandalagsins ef tilbúna pakkningar sem framleiddar eru utan bandalagsins eru fluttar inn á yfirráðasvæði bandalagsins í aðildarríki sem hefur ekki enn tekið upp þessa tilskipun í samræmi við þessa grein.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. janúar 1976.

Fyrir hönd ráðsins,

G. THORN

forseti.

I. VIDAUKI

1. MARKMIÐ

Tilbúnar pakkningar, sem þessi tilskipun nær til, skulu þannig gerðar að þegar þær eru frágengnar uppfylli þær eftirfarandi kröfur:

- 1.1. raunverulegt innihald skal að meðaltali ekki vera minna en nafnmagn;
- 1.2. hlutfall tilbúinna pakkninga sem hafa neikvæð frávik sem eru meiri en heimilað neikvæð frávik sem mælt er fyrir um í lið 2.4 skal vera nægilega lítið til að lotur tilbúinna pakkninga standist kröfur prófananna sem tilgreindar eru í II. viðauka;
- 1.3. óheimilt er að merkja með EBE-tákninu sem kveðið er á um í lið 3.3 tilbúna pakkningu með meira neikvætt frávik en tvöfalt heimilað neikvætt frávik sem gefið er í töflunni í lið 2.4.

2. SKILGREININGAR OG GRUNDVALLARÁKVÆÐI

- 2.1. Nafnmagn (nafnþyngd eða nafnrúmmál) innihalds tilbúinnar pakkningar er rúmmál sem sýnt er á tilbúnu pakkningunni, þ.e. magn þeirrar vöru sem tilbúna pakkningin telst innihalda.
- 2.2. Raunverulegt innihald tilbúinnar pakkningar er það magn (þyngd eða rúmmál) sem í raun er í pakkningunni. Við allt eftirlit með magni sem sýnt er í rúmmálseiningum skal gildið sem notað er fyrir raunverulegt innihald mælt, eða leiðrétt, við 20 °C hita, óháð því hver hitinn hefur verið þegar vörunni var pakkað eða þegar eftirlit fór fram. Þó skal þessi regla ekki gilda um djúpfrystar og frystar vörur þar sem magn er tilgreint með rúmmálseiningu.
- 2.3. Neikvætt frávik er munur á magni sem nemur því sem raunverulegt innihald er minna en nafnmagn.
- 2.4. Heimilað neikvætt frávik innihalds í tilbúinni pakkningu er sett í samræmi við eftirfarandi töflu en þar er vörum skipt í tvo flokka „A“ og „B“, eins og fram kemur í liðum 2.5 og 2.6 hér að aftan, eftir útliti þeirra og gerð og/eða því þökkunarferli sem viðhaft er og gildum nafnmagns:

Nafnrúmmál Q_n í grömmum eða millílítrum	Heimilað neikvætt frávik			
	Flokkur „A“		Flokkur „B“	
	í % af Q_n	í g eða ml	í % af Q_n	í g eða ml
meira en 5 og minna en 25	–	–	9	–
frá 25 til 50	4,5	–	9	–
frá 50 til 100	–	2,25	–	4,5
frá 100 til 200	2,25	–	4,5	–
frá 200 til 300	–	4,5	–	9
frá 300 til 500	1,5	–	3	–
frá 500 til 1 000	–	7,5	–	15
frá 1 000 til 5 000	0,75	–	1,5	–

Þegar taflan er notuð skulu gildi heimilaðra neikvæðra frávika, sýnd í töflunni sem hlutfall af hundruði sem reiknað hefur verið í einingum fyrir þyngd eða rúmmál, hækkuð upp í næsta tíunda hluta af grammi eða millílítra.

2.5. Eftirfarandi vörur teljast til flokks „A“:

- a) vörur úr efni sem er fast í sér eða erfitt að hella við sölu en sem er unnt að láta renna nægilega þegar því er pakkað, inniheldur ekki nein sjáanleg föst efni eða gasefni og sem hægt er að pakka með einni aðgerð,
- b) vörur í formi dufts,
- c) vörur sem gerðar eru úr hlutum, brotum eða korni þar sem einingþyngd er ekki meiri en þriðjungur af heimilúðu neikvæðu frávikum sem samsvarar nafnþyngd innihalds tilbúinnar pakkningar í dálkinum fyrir flokk „A“ í töflunni í lið 2.4,
- d) maukennend efni sem auðvelt er að smyrja með,

að því gefnu að frekari vinnsla fari ekki fram á þessum vörum eða slík vinnsla breyti ekki raunverulegu magni innihalds þegar búið er að vigta þær eða pakka þeim.

2.6. Allar vörur sem falla ekki undir flokkinn sem lýst er í lið 2.5 skulu tilheyra flokki „B“. Að auki tilheyra honum eftirfarandi vörur:

- a) vörur úr vökva,
- b) forpakkaðar vörur sem hafa nafnþyngd eða nafnrúmmál sem er minna en 25 g eða 25 ml,
- c) vörur sem hafa hnigfræðilega eiginleika (svo sem fljótanleika eða seigju) eða þéttleika sem ekki er hægt að halda nægilega stöðugum með tæknilegum ráðum.

3. ÁLETRANIR OG MERKINGAR

Á umbúðum allra tilbúinna pakkninga sem gerðar eru í samræmi við þessa tilskipun skulu vera eftirfarandi merkingar þannig festar á að þær séu óafmáanlegar, greinilegar og læsilegar á pakkningunni við eðlilegar aðstæður:

- 3.1. nafnmagn (nafnþyngd eða nafnrúmmál) í kílógrömmum, grömmum, lítrum, sentílítrum eða millílítrum og merkt með tölustöfum sem eru 6 mm háir hið minnsta ef nafnmagn er meira en 1 000 g eða 100 cl, 4 mm háir ef það er frá og með 1 000 g eða 100 cl niður að 200 g eða 20 cl og 3 mm háir ef það er ekki meira en 200 g eða 20 cl en á eftir tölustöfunum komi tákn fyrir mælieininguna sem notuð er eða, eftir því sem við á, heiti einingarinnar í samræmi við tilskipun ráðsins 71/354/EBE;

merkingar í breskum mælieiningum (UK) skulu vera í bókstöfum og tölustöfum sem eru ekki stærri en samsvarandi tölur í alþjóðlega einingakerfinu (SI).

- 3.2. merki eða áletrun sem gerir viðkomandi þar til bæri stofnun kleift að bera kennsl á pökkunaraðilann, einstaklinginn sem sá um pökkunina eða innflytjanda með staðfestu innan bandalagsins;
- 3.3. lítið „e“, 3 mm hátt hið minnsta, sem sést í sömu sjónhendingu og áletrun eða merking um nafnrúmmál innihalds og ber vott um að tilbúna pakkningin standist kröfur þessarar tilskipunar.

Bókstafurinn skal vera með því sniði sem sýnt er á teikningu í 3. lið II. viðauka við tilskipun ráðsins 71/316/EBE.

Í téðri tilskipun gildir 12. gr. að breyttu breytanda.

4. ÁBYRGÐ PÖKKUNARAÐILA EÐA INNFLYTJANDA

Pökkunaraðili eða innflytjandi skal sjá til þess tilbúna pakkningar standist kröfur þessarar tilskipunar.

Þyngd eða rúmmál magns í tilbúinni pakkningu (eða pakkningarmagns) sem nefnt er „raunverulegt innihald“ skal mælt eða athugað á ábyrgð pökkunaraðila eða innflytjanda. Mælingin eða athugunin skal gerð með löggildu mælitæki sem hentar til þeirra aðgerða sem með þarf.

Athugunina má framkvæma með því að taka úrtak.

Nú er raunverulegt innihald ekki mælt og skal þá athugun þökkunaraðila þannig skipulögð að gengið sé úr skugga um magn innihaldsins.

Þessu skilyrði er fullnægt ef þökkunaraðili framkvæmir framleiðsluathuganir sem eru í samræmi við tilhögun sem þar til bær stofnun í aðildarríkinu viðurkennir og ef hann veitir téðum yfirvöldum aðgang að niðurstöðum slíkra athugana til að þau geti gengið úr skugga um að athuganirnar, ásamt leiðréttingum og stillingum sem reynst hafa nauðsynlegar, hafi verið gerðar á nákvæman og réttan hátt.

Ef vörur eru fluttar inn frá löndum utan bandalagsins er innflytjanda heimilt, í stað þess að setja þær í mælingar og eftirlit, að sanna að hann hafi allar nauðsynlegar tryggingar sem gera honum kleift að takast á hendur ábyrgð.

Ef um er að ræða vörur þar sem magn er sýnt í einingum rúmmáls er ein af aðferðunum við að uppfylla mæli- og eftirlitskröfur að nota mælikerald, þegar tilbúin þakking er útbúin, af þeirri gerð sem skilgreind er í viðkomandi tilskipun og fyllt er á við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og tilskipun um mælikeröld.

5. EFTIRLIT SEM ÞAR TIL BÆRAR STOFNANIR SKULU VIÐHAFA Á ATHAFNASVÆÐI ÞÖKKUN-
ARAÐILA EÐA INNFLYTJANDA

Þar til bærar stofnanir aðildarríkja skulu með eftirliti ganga úr skugga um að þakkingar uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar með því að taka úrtak á athafnasvæði þökkunaraðila eða, ef ekki er unnt að koma því við, á athafnasvæði innflytjanda eða umboðsmanns hans með staðfestu í bandalaginu.

Slíkt tölfræðilegt úrtakseftirlit skal viðhafa í samræmi við viðurkenndar aðferðir í skoðun fyrir gæðaviðurkenningu. Skilvirkni hennar skal vera sambærileg við viðmiðunaraðferðina sem tilgreind er í II. viðauka.

6. ANNAÐ EFTIRLIT SEM ÞAR TIL BÆRAR STOFNANIR VIÐHAFA

Þessi tilskipun skal ekki koma í veg fyrir að þar til bærar stofnanir aðildarríkjanna viðhafi annað eftirlit á hvaða stigi markaðssetningar sem er, einkum til að ganga úr skugga um að tilbúnar þakkingar uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

Ákvæði 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 75/316/EBE gildir að breyttu breytanda.

—

II. VIÐAUKI

Í þessum viðauka er mælt fyrir um tilhögun viðmiðunaraðferðar fyrir tölfraðilegt eftirlit á lotum af tilbúnum pakkningum til að uppfylla kröfur 3. gr. tilskipunarinnar og 5. liðar í I. viðauka við hana.

Eftirlitið er byggt á ISO-staðli 2859 um aðferðir við eigindaprófun með 2,5% samþykktu gæðastigi. Úrtaksstig svarar til II. stigs í staðlinum þegar um er að ræða prófanir án eyðileggingar en til stigsins S 3 ef um er að ræða eyðileggingarprófanir.

1. KRÖFUR UM MÆLINGU Á RAUNVERULEGU INNIHALDI TILBÚINNA PAKKNINGA

Hægt er að mæla raunverulegt innihald tilbúinna pakkninga beint með vogum eða rúmmálmælum eða, ef um er að ræða vökva, óbeint með því að vigta og finna út eðlismassann.

Frávik við mælingu á raunverulegu innihaldi tilbúinnar pakkningar skal ekki vera meira en fimmti hluti heimilaðs neikvæðs fráviks fyrir nafnmagn tilbúnu pakkningarinnar, óháð því hvaða aðferð er beitt við mælinguna.

Leyfilegt er að farið sé eftir innlendum reglum hvers aðildarríkis um tilhögun við mælingu á raunverulegu innihaldi tilbúinnar pakkningar.

2. KRÖFUR UM EFTIRLIT MEÐ LOTUM TILBÚINNA PAKKNINGA

Eftirlit með tilbúnum pakkningum skal fara fram með því að taka úrtak og í tveimur þáttum:

- skoðun á raunverulegu innihaldi hvernar tilbúinnar pakkningar í úrtakinu.
- önnur skoðun sem nær til meðaltals raunverulegs innihalds tilbúinna pakkninga í úrtakinu.

Lota tilbúinna pakkninga telst samþykkt ef niðurstöður beggja skoðananna fullnægja samþykktarviðmiðunum.

Fyrir hvora skoðunina eru tvær úrtaksáætlanir:

- hin fyrri felst í prófun án eyðileggingar, þ.e. prófun sem felur ekki í sér að pakkningin er opnuð,
- hin síðari felst í eyðileggingarprófun, þ.e. prófun sem felur í sér að pakkningin er opnuð eða eyðilögð.

Af fjárhags- og hagkvæmnisástæðum skal síðari prófunin algerlega einskorðuð við nauðsynlegt lágmark, hún er óskilvirkari en sú fyrri.

Eyðileggingarprófun skal því einungis notuð ef ekki er hægt að koma við prófun án eyðileggingar. Viðmiðunarreglan skal vera sú að beita henni ekki á lotu sem er minni en 100 einingar.

2.1. Lotur tilbúinna pakkninga

- 2.1.1. Lota er allar tilbúnar pakkningar sem skoða á af sömu gerð og úr sömu framleiðslueiningu.

- 2.1.2. Ef tilbúnað pakkningar eru skoðaðar við endann á pökkunarferibandinu skal pakkningafjöldi í hverri lotu vera jafn hámarksafköstum feribandsins á klukkustund.
Í öðrum tilvikum skal lotustærð ekki vera meiri en 10 000.
- 2.1.3. Ef færri en 100 pakkningar eru í lotu skal prófun án eyðileggingar, ef hún er framkvæmd, ná til allra pakkninganna.
- 2.1.4. Áður en próf sem um getur í liðum 2.2 og 2.3 eru framkvæmd skal nægilegur fjöldi tilbúinna pakkninga tekinn af handahófi úr lotunni þannig að unnt sé að framkvæma prófunina sem þarf stærra úrtak fyrir.
Úrtak sem er nægilega stórt skal valið af handahófi fyrir hina prófunina úr fyrsta úrtaki og merkt.
Merkingunum skal lokið áður en mælingar hefjast.

2.2. Eftirlit með samþykktu lágmarksinnihaldi tilbúinnar pakkningar

- 2.2.1. Samþykkt lágmarksinnihald skal reiknað með því að draga heimilað neikvætt frávik viðkomandi innihalds frá nafnmagni tilbúnu pakkningarinnar.
- 2.2.2. Tilbúnað pakkningar í lotunni sem hafa raunverulegt innihald undir samþykktu lágmarksinnihaldi skulu teljast gallaðar.
- 2.2.3. Við eftirlit með úrtaki skal að vali hvers aðildarríkis notuð önnur af tveimur eftirfarandi úrtaksáætlunum (einföld eða tvöföld).
- 2.2.3.1. *Einföld úrtaksáætlun*

Fjöldi tilbúinna pakkninga sem skoða á skal vera jafn fjöldanum í úrtakinu eins og fram kemur í áætluninni:

- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í úrtakinu er minni en eða jafn og samþykktarviðmiðun telst lota tilbúinna pakkninga samþykkt að því er þessa prófun varðar,
- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í úrtakinu er jafn og eða meiri en höfnunarviðmiðun skal hafna viðkomandi lotu tilbúinna pakkninga.

2.2.3.1.1. Áætlun um prófun án eyðileggingar

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi gallaðra eininga	
		Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
100 til 150	20	1	2
151 til 280	32	2	3
281 til 500	50	3	4
501 til 1 200	80	5	6
1 201 til 3 200	125	7	8
3 201 og yfir	200	10	11

2.2.3.1.2. Áætlun fyrir eyðileggingarprófun

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi gallaðra eininga	
		Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	20	1	2

2.2.3.2. Tvöföld úrtaksáætlun

Fjöldi fyrstu tilbúnu pakkninganna sem skoða á skal vera jafn fjöldanum í fyrra úrtakinu eins og fram kemur í áætluninni:

- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu er minni en eða jafn og fyrri samþykktarviðmiðun telst lota tilbúinna pakkninga samþykkt að því er þessa prófun varðar,
- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu er jafn og eða meiri en fyrri höfnunarviðmiðun skal viðkomandi lotu hafnað,
- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu liggur á milli fyrri samþykktarviðmiðunar og fyrri höfnunarviðmiðunar skal skoða seinna úrtakið, en fjöldi eininga í því kemur fram í áætluninni.

Fjöldi gallaðra eininga í fyrra og síðara úrtaki skal lagður saman:

- ef samanlagður fjöldi gallaðra eininga er minni en eða jafn og síðari samþykktarviðmiðun telst lotan samþykkt að því er þessa prófun varðar,
- ef samanlagður fjöldi gallaðra eininga er meiri en eða jafn og síðari höfnunarviðmiðun er lotunni hafnað.

2.2.3.2.1. Áætlun um prófun án eyðileggingar

Fjöldi í lotu	Úrtök			Fjöldi gallaðra eininga	
	Röð	Fjöldi	Samanlagður fjöldi	Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
100 til 150	1.	13	13	0	2
	2.	13	26	1	2
151 til 280	1.	20	20	0	3
	2.	20	40	3	4
281 til 500	1.	32	32	1	4
	2.	32	64	4	5
501 til 1 200	1.	50	50	2	5
	2.	50	100	6	7
1 201 til 3 200	1.	80	80	3	7
	2.	80	160	8	9
3 201 og yfir	1.	125	125	5	9
	2.	125	250	12	13

2.2.3.2.2. Áætlun um eyðileggingarprófun

Fjöldi í lotu	Úrtök			Fjöldi gallaðra eininga	
	Röð	Fjöldi	Samanlagður fjöldi	Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	1.	13	13	0	2
	2.	13	26	1	2

2.3. **Eftirlit með meðaltali raunverulegs innihalds hvernar tilbúinnar pakkningar sem er hluti af lotu**

2.3.1. Samþykkja má lotu af tilbúnum pakkningum að því er þetta eftirlit varðar

ef meðaltal er $\bar{x} = \frac{\sum x_i}{n}$ af raunverulegu innihaldi x_i af n tilbúnum pakkningum

í úrtaki sem er stærra en gildið:

$$Q_n - \frac{s}{\sqrt{n}} \cdot t_{(1-a)}$$

Í þessari jöfnu er:

Q_n nafnmagn tilbúnu pakkningarinnar,

n fjöldi tilbúinna pakkninga í úrtakinu fyrir þetta eftirlit,

s áætlað staðalfrávik frá raunverulegu innihaldi lotunnar,

$t_{(1-a)}$ = 0,995 öryggisstig í t-dreifingu með frítölunni $\nu = n - 1$.

2.3.2. Ef x_i er mælt gildi raunverulegs innihalds einingar númer i í úrtakinu:

2.3.2.1. er meðaltal mældra gilda fyrir úrtakið fundið með eftirfarandi útreikningi:

$$\bar{x} = \frac{\sum_{i=1}^{i=n} x_i}{n}$$

2.3.2.2. og áætlað gildi staðalfráviks s fundið með:

— summu ferningstölu eftirfarandi mældra gilda: $\sum_{i=1}^{i=n} (x_i)^2$

— ferningstölu summu mældra gilda: $\left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i\right)^2$ og síðan $\left(\frac{\sum_{i=1}^{i=n} x_i}{n}\right)^2$

— leiðréttri summu: $SC = \sum_{i=1}^{i=n} (x_i)^2 - \left(\frac{\sum_{i=1}^{i=n} x_i}{n}\right)^2$

— áætlaðri dreifni $v = \frac{SC}{n - 1}$

Áætlað gildi staðalfráviks er $s = \sqrt{v}$

2.3.3. Viðmiðanir fyrir samþykki eða höfnun lotna af tilbúnum pakkningum í þessari prófun:

2.3.3.1. Viðmiðanir fyrir prófun án eyðileggingar

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Viðmiðanir	
		Samþykkt	Höfnun
100 til og með 500	30	$\bar{x} \geq Q_n - 0,503 s$	$\bar{x} < Q_n - 0,503 s$
> 500	50	$\bar{x} \geq Q_n - 0,379 s$	$\bar{x} < Q_n - 0,379 s$

2.3.3.2. Viðmiðanir fyrir eyðileggingarprófun

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Viðmiðanir	
		Samþykkt	Höfnun
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	20	$\bar{x} \geq Q_n - 0,640 s$	$\bar{x} < Q_n - 0,640 s$